



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði til heiðurs
konungi Svíþjóðar Carl Gustaf,
Silviu drottningu og Victoriu krónprinsessu
Reykjavík, 7. september 2004

Yðar hátign konungur Svíþjóðar Carl Gustaf
Yðar hátign Silvia drottning
Yðar konunglega tign Victoria krónprinsessa
Virðulegir gestir

Við fögnum hér í kvöld tignum gestum, kærum vinum sem heiðra Ísland með heimsókn sinni, heimsókn sem er einstök í meira en þúsund ára sameiginlegri sögu Svíþjóðar og Íslands.

Við höfum áður haft þá ánægju að taka á móti konungum Svíþjóðar en aldrei fyrr hafa konungur, drottning og ríkisarfi sótt Ísland heim saman og við metum mikils þann einstæða vináttuvott, sjáum í honum í senn virðingu fyrir arfleifðinni sem tengir okkur traustum böndum og fyrirheit um farsæla samvinnu í framtíðinni.

Fornar sögur eru fjársjóður heimilda um samskipti þjóða okkar frá árdögum Íslandsbyggðar. Landnáma greinir frá því að hinn sænski Garðar Svavarsson hafi siglt til Íslands „að tilvísan móður sinnar framsýnar“ áður enn fyrsti opinberi landnámsmaðurinn, hinn norski Ingólfur Arnarson, settist hér að. Garðar sneri aftur en eftir urðu þræll hans og ambátt, þrællinn hét Náttfari en ambáttin er ónefnd, og urðu þau fyrstu landnámsmenn Íslands þó engar sögur segi frekar frá þeirra lífshlaupi.

Svíaar geta því veitt Norðmönnum öflugan samkeppni í glímunni um hver eigi heiðurinn af fundi Íslands og landnámi enda finnst okkur Íslendingum nóg um, svo talað sé í léttum dúr, þegar frændur okkar Norðmenn eigna sér einnig Leif heppna og fund Ameríku og einnig Snorra Sturluson, stórskáldið frá Reykholti í Borgarfirði, höfðingjann sem færði okkur Eddu sem varðveitir sem kunnugt er Gylfaginningu kennda

við konung Svíþjóðar og heimsbókmenntir í Heimskringlu um sögu norskra og sænskra konunga.

Víða segir líka í gömlum sögum frá sænskum mönnum sem hingað komu; þekktastir eru vísast Glámur sauðamaður sem gekk aftur eftir glímu við óvætti í Forsæludal og glímdi svo við eina helstu hetju Íslendingasagnanna, Gretti sterka. Þeir voru líka sænskir berserkirnir Halli og Leiknir sem frá segir í Eyrbyggja sögu og Víga-Styr fékk til þess verks að undirlagi Snorra goða að ráðast í fyrstu vegagerð sem segir frá á Íslandi þegar þeir ruddu braut um úfið hraun. En verkalaunin voru vond því þegar þeir snéru örþreyttir frá þessu mikla starfi voru þeir drepnir í gufubaði.

Já, íslenskar byggðir hafa lengi varðveitt minningar um sameiginlega sögu þjóða okkar, þá sögu sem verið hefur uppistaða í endurnýjun tengsla og samskipta um aldir. Okkar kærur og tignu gestir eru því komnir á merka sagnaslóð.

Menningin hefur svo sannarlega verið okkur uppspretta nýrrar reynslu, gagnkvæmra áhrifa; framlag Svíþjóðar til íslenskrar listsköpunar á okkar tíð ótvírætt.

Íslenskir rithöfundar og myndlistarfólk, kvikmyndagerðarmenn og leikhúsfólk hafa sótt sér ögrandi styrk og ögun til sænskra meistara. Íslenskir leikstjórar hafa starfað með góðum árangri í Svíþjóð og ánægjulegt hefur verið fylgjast með gengi íslenskra myndlistarmanna þar og vaxandi lesendahópi þeirri yngri höfunda sem fetað hafa í fótspor Halldórs Laxness og haslað sér völlu í Svíþjóð.

Við erum einnig þakklát fyrir ríkulega hlutdeild sænskra háskóla og menntastofnana í æðri menntun okkar Íslendinga og metum mikils þann trúnað sem Íslendingum hefur verið sýndur við stjórn vísindarannsókna og fræðistofnana í Svíþjóð. Má þar nefna sem dæmi dr. Karl Tryggvason prófessor sem vakið hefur heimsathygli fyrir rannsóknir sínar við Karólínska Institutet og dr. Guðmund Alfredsson prófessor sem stjórnar Raoul Wallenberg stofnunni, forystuafl í baráttu fyrir mannréttinum víða um veröld.

Svíar hafa einnig haft víðtæk áhrif á þróun íslensks atvinnulífs og tekið virkan og skapandi þátt í að treysta undirstöður þeirrar velferðar og framfara sem við nú njótum.

Það má því segja að tími hafi verið kominn til að Íslendingar endurgyldu þessa liðveislu með því að marka sér starfsvettvang í blómlegu sænsku viðskiptalífi og það höfum við nú nýverið gert.

KB-banki er orðinn umsvifamikill í sænsku fjármálalífi, reyndar einnig á öðrum Norðurlöndum, og Baugur opnaði í fyrra nýtt vöruhús í hjarta Stokkhólms. Áður fyrr létum við Íslendingar okkur að mestu nægja að selja fisk til Svíþjóðar en nú viljum við efla viðskipti okkar og athafnatengsl á mörgum sviðum, nýta hæfileika og hugvit þeirrar ungu kynslóðar sem kominn er á vettvang, menntuð á heimsvísu og staðráðin í að helga löndum okkar krafta sína. Við metum mikils hve vel þessu nýja athafnafólki hefur verið tekið í Svíþjóð.

Það er líka til vitnis um hvernig ný viðskiptatengsl geta orðið til að efla menningarsamskipti landa okkar að KB-banki styður með myndarlegum hætti hina höfðinglegu gjöf, úrval glerlistaverka eftir fjölda sænskra snillinga, sem yðar hátignir koma með til Íslands. Fyrir hönd íslensku þjóðarinnar vil ég þakka konungi Svíþjóðar, sænsku þjóðinni og listafólkinu innilega fyrir þessa einstæðu gjöf sem varðveitt verður í nýju Hönnunarsafni Íslands.

Heimsókn yðar birtir þannig í hnotskurn fyrirheitin sem fólgin eru í framtíðinni, fyrirheit um enn öflugri tengsl okkar á nýrri öld; sýnir hvernig samvinna Svía og Íslendinga tekur sífellt á sig nýjar myndir, að vöxtur hennar og endurnýjun birtist á mörgum sviðum.

Vissulega hafa hin norrænu tengsl verið okkur báðum öflugur bakhjarl en við höfum líka í sameiningu numið ný lönd í alþjóðamálum.

Við höfum ásamt nágrönnum okkar og frændum og einnig Rússlandi, Bandaríkjunum og Kanada komið á fót nýjum bandalögum sem helguð eru samvinnu á norðurslóðum, svæði sem verður sífellt mikilvægara sem forðabúr heimsins í orkumálum en er einnig einstæð mælistika á loftslagsbreytingar í veröldinni.

Við höfum saman fest í sessi nán tengsl Norðurlandanna fimm og Eystrasaltsríkjanna þriggja. Þessi sveit átta ríkja í Norður-Evrópu getur orðið öflug fylking á mörgum sviðum og ber að fagna sérstaklega aðild Eystrasaltsríkjanna að Norræna fjárfestingabankanum.

Við höfum þrátt fyrir ólíka aðkomu að Evrópusambandinu og NATO tekið saman virkan þátt í sköpun hinnar nýju Evrópu og endurnýjun öryggismála. Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og Schengen samningnum og þátttaka Svíþjóðar í *Samstarfi í þágu friðar á vegum* NATO sannar að þrátt fyrir mismunandi formlega nálgun getur norræn samvinna öðlast nýtt gildi í kjölfar hinna miklu breytinga í veröldinni.

Við erum áfram sú fyrirmynd sem aðrar þjóðir horfa til þegar metin eru lýðræði, mannréttindi og velferð íbúanna. Í augum margra erum við

draumalönd sem náð hafa árangri sem öðrum er einungis fjarlægt fyrirheit.

Erindi okkar við veröldina er því ærið.

Í anda alls þessa – sögulegrar arfleifðar, menningar fornrar og nýrrar, nýsköpunar í listum, vísindum og viðskiptum, frumkvæðis í alþjóðamálum og sameiginlegrar vegferðar okkar í veröldinni – fögnum við konungi, drottningu og krónprinsessu Svíþjóðar hér í kvöld, bæði sem tignum gestum og kærnum vinum.

Ég bið ykkur öll að rísa úr sætum og lyfta glösum til heiðurs Carl Gustaf konungi Svíþjóðar, Silvíu drottningu og Victoriu krónprinsessu og til heilla ævarandi vináttu þjóða okkar.